

**Nd.**

**73. Nefndarátt**

um tillögu til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Frá fjárhagsnefnd.

Tillögu þessari var vísað til nefndarinnar í því skyni, að nefndin rannsakaði og leitaði upplýsinga um, hvort nokkrir möguleikar væru á því, að bankarnir gætu lækkað útlánsvexti sína, eða nokkur ráð til þess að gera þeim það kleift. Samkvæmt beiðni nefndarinnar komu bankastjórnir beggja bankanna á fund hennar, og ræddi nefndin þetta mál við þær allitarlega. Bankastjórnirnar voru sammála um það, að ógerlegt sje að lækka útlánsvexti eins og nú sje hátt- að viðskiftum bankanna, því að mjög mikill hluti starfsfjár þeirra sje erlent lánsfje, er þeir verði að svara af ýmist jafnvel talsvert hærri vöxtum, eða þá svipuðum þeim, sem þeir taka. Hinsvegar sje útlánastarfsemi þeirra að svo komnu þannig háttáð, að henni fylgi svo mikil áhætta, að ekki verði komist hjá því að hafa allmikinn mismun útláns- og innlánsvaxta, en fjárfurð svo mikil í landinu, að lítt gerlegt sje að lækka innlánsvexti frá því, sem þeir eru nú. Að fengnum þessum upplýsingum hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að vart verði við því búist, að samþykkt tillögunnar geti borið árangur, því að ef gera ætti bönkunum kleift að lækka útlánsvextina, yrði að afla þeim ódýrara starfsfjár en nú hafa þeir. En ef til þess á að grípa, þá verður væntanlega að taka það mál upp á annan hátt.

Nefndin leggur því til, að þessari tillögu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 25. febr. 1927.

Kl. Jónsson,  
formaður.

Ásgeir Ásgeirsson.

Jón A. Jónsson,  
fundaskrifari.

Björn Lindal.

Jakob Möller,  
framsögumaður.

Magnús Jónsson.

Halldór Stefánsson,  
með fyrirvara.